



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við afhjúpun minnisvarðans
„Samstaða“
á aldarafmæli verkalyðsfélaga við Eyjafjörð
4. febrúar 2006**

Forystusveit launafólks,
félagar í samtökum verkafólks,
bæjarstjóri, sýslumaður,
góðir Akureyringar,
Norðlendingar
og aðrir gestir

Þegar Verkamannafélag Akureyrar var stofnað fyrir 100 árum höfðu Íslendingar um aldir verið fátækasta þjóðin í Evrópu, alþýðan án þeirra réttinda sem nú þykja sjálfsögð, hvorki kosningaréttur né kjörgengi voru tryggð, skólaganga stopul, oft lítil sem engin, áratugir þar til velferð sjúkra og aldraðra yrði tryggð með lögum.

Húsakynni voru víða hrörleg, köld á vetrum, lek og gisin, þröngt í búi og fjölskyldur höfðu margar aðeins til umráða herbergin eitt eða tvö. Ýmsir dóu langt fyrir aldur fram því hin erfiða barátta fyrir daglegu brauði varð þeim um megn þegar áföllin dundu yfir.

Það er erfitt fyrir okkur, einkum hina yngri sem halda nú til móts við tækifæri nýrrar aldar, að gera sér í hugarlund hvílík afrek kynslóðirnar hafa unnið, kynslóðirnar sem reistu merki baráttunnar og áttu aðeins hugsjónir í veganesti, hugsjónir um öryggi og velferð, um sanngjörn laun, réttindi til vinnu, orlofs, húsnæðis sem boðlegt væri.

Baráttan var löngum hörð enda andstaðan oft óbilgjörn; verkföllin tíðum það eina sem dugði. Eyjafjörður var vettvangur átaka sem þjóðin öll fylgdist með. Hér réðust úrslit sem urðu afdrifarík, lögðu grundvöll að áföngum sem mótuðu sögu, réttindum sem vísuðu veginn til betra lífs.

Þúsundir áttu samleið á þessari göngu og samstaðan var ætíð sá eiginleiki sem mestu skipti, samstaða sem verið hefur beittasta vopn launafólksins, einkum þegar hinir stærstu sigrar voru tryggðir.

Árangurinn varð ótvírætt glæsilegur og þjóðin nýtur nú ávaxtanna af erfiði fólksins sem við heiðrum hér og samherja þeirra í öðrum byggðum.

Margir fórnðu öllu í baráttunni, helguðu henni krafta sína, sóttu eldmóð í samkennd með fjölskyldum sem bjuggu við hin kröppu kjör.

Það var mér lán ungum manni að kynnast mörgum sem vaktina stóðu á vettvangi verkalýðsbaráttunnar hér við Eyjafjörð, forystufólki sem launþegasamtökin fólu einnig á landsvísu mikinn trúnað og ánægjulegt að tvö þeirra, Jón Helgason og Kristín Hjálmarsdóttir, hafa setið í afmælisnefndinni sem í dag skilar góðu verki.

Ég nefni einnig Björn Jónsson sem kjörinn var forseti ASÍ og átti djúpar rætur í baráttusögu verkafólks á Akureyri. Það var mér dýrmæt reynsla að öðlast um skeið trúnað hans, læra af verkum og eldmóði baráttumannsins, vera honum samferða í viðleitni við að umskapa samfélagið. Það snart mig djúpt þegar hann bauð mér fyrir 35 árum að vera ræðumaður á Akureyri á baráttudeginum 1. maí.

Við eigum mikla þakkarskuld að gjalda öllu því góða fólki sem í hundrað ár kom hér við sögu, gerði verkalýðsstarf við Eyjafjörð að umbótaafli, fólkinu sem á drjúgan hlut í framförum þjóðarinnar.

Þakkarskuldin ber ekki einungis í sér gleði yfir árangrinum; hún er líka hvatning um að ráða bót á ýmsu sem aðkallandi er á okkar tímum.

Þótt Íslendingar búi nú almennt við mikla hagsæld, einkum í samanburði við fyrri tíma og flestar þjóðir, þá kreppir víða skórin að og fátækt er útbreiddari en flestir halda, þúsundir eiga erfitt með að ná endum saman og hjálparsamtök deila út mat til að fjölskyldur og einstaklingar geti haldið hátíð eins og hinir.

Umsvifin í atvinnulífi, útrás til annarra landa, nýsköpun á ýmsum sviðum fangar oftast athygli á vettvangi fjölmiðlanna og þótt margt sé vel gert í rekstri fyrirtækja má ekki gleyma því að enn skortir á að allir landsmenn njóti góðra kjara og þúsundir berast daglega í bökkum.

Minnisvarðinn sem við afhjúpum nú er í senn þakkargjörð til fjöldans sem fyrrum helgaði verkalýðsbaráttunni krafta sína og hvatning til okkar allra um að láta ekki staðar numið, huga að velferð kvenna og karla sem eru utangarðs í hagsældinni, sitja ekki við það nægtaborð sem þarf að bjóða öllum að. Baráttan kallar enn á öfluga sveit – samstöðu um kjarabætur til þeirra sem verst eru settir.

Ég þakka öllum sem hafa lagt hönd á plóg til að reisa þennan minnisvarða og það er mér heiður að afhjúpa hann og flytja ykkur öllum árnaðaróskir og baráttukveðjur.